

Reglugerð fyrir Hjólreiðadeild Vestra

1. grein

Hlutverk Hjólreiðadeildar Vestra

Hjólreiðadeild Vestra er deild í íþróttafélaginu Vestra á Ísafirði, kt. 520416-0720. Í hjólreiðadeild Vestra er unnið að eflingu hjólreiðaíþróttarinnar. Undir deildina heyrir öll starfsemi varðandi hjólaíþróttina.

2. grein

Skipulag og hlutverk deildarinnar

Aðalstjórn Vestra ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, bæði fjárhag og starfsemi. Deildin hefur sinn eigin fjárhag og kennitölu, aðskilinn frá aðalstjórn félagsins.

Stjórn hjólreiðadeildar ber ábyrgð á rekstri deildarinnar gagnvart aðalstjórn Vestra og skal veita stjórn Vestra allar þær upplýsingar fjárhagslegar eða aðrar sem stjórn Vestra óskar eftir.

Stjórn deildarinnar skal skipuð formanni sem kjörinn er til eins árs í senn, gjaldkera og ritara. Að auki skal kjósa tvo varamenn sem sitja fundi stjórnar. Stjórn deildarinnar skiptir með sér verkum, fyrir utan formann sem kosinn er sérstaklega á aðalfundi deildarinnar.

Stjórn deildarinnar ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess á milli aðalfunda.

Stjórn skipar alla trúnaðarmenn deildarinnar í nefndir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar sem félagið er aðili að og ber að tilnefna í nema lög Vestra kveði á um annað. Þá skipar stjórn fulltrúa á öll þing sem deildin á fulltrúa á. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til ákveðinna verkefna enda starfi þær á vegum stjórnar og á hennar ábyrgð.

3. grein

Aðalfundur, dagskrá, fundartími, atkvæðisréttur og boðun

Aðalfundur deildarinnar skal halda fyrir 1. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildarinnar. Til aðalfundar deildarinnar skal boðað með viku fyrirvara á heimasíðu og samfélagsmiðlasíðum deildarinnar. Aðalfundur deildarinnar er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar

- Fundarsetning.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Formaður deildar gerir grein fyrir starfssemi deildarinnar á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.
- Reglugerðabreytingar.

- a. Ákvörðun um félagsgjald
6. Kosningar:
 - a) Kosinn formaður deildar til eins árs.
 - b) Kosnir tveir meðstjórnendur og tveir varamenn til eins árs í senn.
7. Önnur mál.
8. Fundargerð lesin upp og fundarslit.

Á aðalfundum deildarinnar ræður meirihluti úrslitum mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Breyting á reglugerð deildarinnar skal þó samþykkjast með 2/3 greiddra atkvæða.

Vanræki deildin að halda aðalfund á lögboðnum tíma skal aðalstjórn Vestra boða til fundarins og aðstoða við framkvæmd hans.

5. grein

Fjárhagslegar skuldbindingar

Stjórn deildarinnar skal gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næst komandi ár sem lögð er fyrir aðalstjórn Vestra til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar, ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiriháttar skuldbindingum er átt við þær sem eru umfram samþykktan ófyrirséðan kostnað deildar í rekstraráætlun. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. 15. grein í lögum félagsins.

Samþykkt á stofnfundi Hjólreiðadeildar Vestra.
Ísafirði, 5. september 2018

Þórdís Ólafsson
Nanný Anna
Ulfur Þorsteinsson
Geyr
Hlédur Jónsdóttir